

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Mi. 17.2	Ábm. 355
Innk. 20. FEB. 2014	
IRR 14020192	



Innanríkisráðuneytið  
 Sigurbergur Björnsson  
 Sölvhólsgötu 7  
 150 REYKJAVÍK  
 ÍSLAND

Reykjavík, 18. febrúar 2014  
 Tilvísun: 2014020041  
 HrH/BH

**Efni: Breyting á reglugerð.**

Hér með óskar Vegagerðin eftir breytingu á 12. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja. Breytingin snýr að undanþágu varðandi ás- og heildarþunga ökutækja með áfestum búnaði til nota við snjómokstur og/eða hálkuvarnir.

Tillögu um orðalag breytingar og greinargerð til stýringa á ósk þessari má finna í fylgiskjölum.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson, forstjóri.

12. gr.  
*Frávik frá leyfilegri heildarþyngd ökutækis.*

Veghaldara er heimilt að veita undanþágu frá reglum um heildarþyngd ökutækja skv. 10. grein á einstökum vegum eða vegarköflum skv. I. viðauka og leyft allt að:

- a. 44 tonna heildarþunga vagnlestar sem er að lágmarki 5 ása enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
  1. hver ás, nema framás bifreiðar, sé á tvöföldum hjólum og með loftfjöldum eða öðrum búnaði sem telst jafngildur,
  2. lágmarks hjólbarðastærð skal vera 275/70R22,5,
  3. bifreið sé með drifi á a.m.k. tveimur sívirkum drifásum,
  4. þungi á framási sé 7 tonn að hámarki en á öðrum ásum ekki meiri en 10 tonn og
  5. loftþrýstingur í hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bør eða 102 psi í hjólbörðum framása (eða 7,5 bør eða 109 psi sé framás með loftfjöldun eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbarðastærð að lágmarki 385/65R22,5) og 6 bør eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða.
- b. 49 tonn fyrir vagnlest sem er að lágmarki 6 ása, enda séu uppfyllt:
  1. sömu skilyrði og tilgreind eru í a-lið, og
  2. a.m.k. 13,5 m séu milli fremsta og aftasta áss vagnlestar og a.m.k. 6 m frá aftasta ási ökutækis að fremsta ási festivagns.

Veghaldari getur takmarkað heimild skv. 1. mgr. við ástand vega hverju sinni og gerð ökutækis í samræmi við 11. gr.

**Ökutæki, sem notað er við snjómokstur og/eða hálkuvörn og er með áfestum búnaði í því skyni, er þó undanþegið ákvæðum um ás- og heildarþunga þegar það er notað við snjómokstur og hálkuvörn og við akstur sem því tengist á vegum sem tilgreindir eru í viðauka 1 þegar ekki eru í gildi þungatakmarkanir. Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að framás ökutækis sé með loftfjöldun eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbarðastærð að lágmarki 385/65R22,5 og að þungi fari ekki yfir leyfðan ás- og heildarþunga samkæmt skráningu í ökutækjaskrá. Undanþágan gildir ekki þegar ökutækið er notað í öðrum tilgangi en snjómokstri og hálkuvörn, s.s. til almennra farmflutninga.**

Ítrekuð brot á skilyrðum heimildar skv. þessari grein getur varðað banni við beitingu heimildar samkvæmt greininni. Vegagerðin tekur ákvörðun um beitingu banns og tilkynnir um það til löggreglu.

**Greinargerð með tillögum að breytingum á 12. Gr. reglugerðar nr. 155/2007 um umstærð og þyngd ökutækja:**

Breyttar og auknar gæðakröfur um snjómokstur og hálkuvarnir á þjóðvegum hafa leitt til aukins og þyngri búnaðar á snjómoksturstæki sem í mörgum tilfellum þýðir að ás- og heildarþungi er kominn yfir þau almennu mörk sem sett eru um leyfðan þunga á vegakerfinu.

Breytingar á gæðakröfum eru fyrst og fremst vegna aukinna krafna um umferðaröryggi og minni umhverfismengun.

Umferðaröryggi má bæta verulega með aukinni forvinnu við hálkuvarnir, þ.e. að dreifa pækli eða pækilblönduðu salti á veginn áður en hálkan myndast og þá að koma í veg fyrir að hún nái að myndast, og umhverfismengun má minnka verulega með því að draga ú saltnotkun með aukinni notkun á pækli og að auki er hér um verulegan fjárhagslegan ávinning að ræða, m.a. hvað varðar úttagðan kostnað við hálkuvarnir, minna slit á slitlögun, minni loftmengun, minni gróðurskemmdum, minni ryðskemmdir á ökutækjum o.fl.

Á umferðarminni vegum þar sem söltun kemur að litlu gagni myndast oft á tíðum miklið harðfenni eða klakabunkar sem rífa þarf upp með sérstökum riftönnum sem komið er fyrir undir ökutækjunum sem og auka á þyngd tækjanna.

Aukin pækilnotkun kallar á stærri pækiltanka og eru þeir dreifarar sem framleiddir í dag til þessara nota með, auk 6 – 7 m<sup>3</sup> saltkassa, 7 - 8.000 lítra pækiltanka sem samanlagt geta vegið frá 15 – 17 tonn. Snjóplógur og hliðarvængur vega um 1,5 tonn hvor og undirtönn um 0,5 tonn þannig að ás- og heildarþungi gaeti nálgast leyfðan þunga einstakra ökutækja samkvæmt ökutækjaskrá. Um er að ræða hlutfallslega lítið frávik frá gildandi þungareglum samkvæmt reglugerðinni.

Hlutfall þessara ökutækja af heildarumferð þungra ökutækja er mjög lágt og á þeim tíma sem snjómokstur og hálkuvörn stendur yfir eru vegir yfirleitt frosnrir með mikið burðarþol og því hefur þetta undanþáguákvæði ekkert að segja hvað varðar niðurbrot vegamannvirkja.

**Undirstrikað er að undanþágan er bundin þeim skilyrðum að framás ökutækis sé með loftfjöörun eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbarðastærð að lágmarki 385/65R22,5 og að þungi fari ekki yfir leyfðan ás- og heildarþunga samkvæmt skráningu í ökutækjaskrá.**